

# Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 9. október 2024 kl. 19:30 á Zoom.

Mættir: Sigurður Arnar Pálsson AIFS, Tryggvi M Þórðarson KK, Baldur Haraldsson BS og Aðalsteinn Símonarson BÍKR

Fundargerð ritaði AS

## 1. Keppnistímabilið 2024

Helstu atriði sem komu fram í umræðum voru eftirfarandi:

- Ánægja með að fjöldi þátttakenda hafi verið meiri í ár en undanfarin ár án þess þó að sérstök skýring væri á.
- Mikil ánægja með að aka í myrkri og hvatt til að gera það oft.
- Rætt um að notaðar sérleiðir á tímabilinu hafi verið frekar fáar og keppni þess vegna frekar einhæf. Hvatt var til að keppnishaldarar reyni að nýta þá vegi sem liggja nálægt þeim sérleiðum sem notaðar voru í sumar, s.s. Skjaldbreiðarveg og Tröllhás.
- Jafnframt voru keppnishaldarar hvattir til að leita eftir samstarfi við bæjarhátíðir utan höfuðborgarsvæðisins varðandi keppnishald en þannig mætti komast nær öðrum og spennandi sérleiðum en mest eru eknar.
- Bent var á nauðsyn þess að hafa sérleiðir nálægt þéttbýli og helst viðgerðarstopp innanbæjar í keppni sem nær yfir meira en einn dag, en þannig væri hægt að gera íþróttina meira sýnilega.
- Keppendur vilja gjarnan fá upplýsingar fyrr um leiðaval og fyrirkomulag keppna.
- Hvatt var til að kynna rækilega viðbrögð við óhöppum/slysum, t.d. hafa það sem fastan lið á keppendafundum.

## 2. Reglubreytingar

- Rætt var hvort skýra þurfi í reglum heimildir til að leiðréttu tíma ef ökutæki tefst vegna ryks eða því er ekki hleypt framúr. Almennt var viðhorfið jákvætt til þess en bent á að byggja þurfi slíkt á skýrum gögnum, helst sjálfvirkum tímatökubúnaði sem geti upplýst staðsetningar og tíma.
- Einnig var rætt hvort setja þurfi í reglur ákvæði um refsingu ef ökutæki er ekið á ólöglegum hraða á ferjuleið. Flestir á það væri eðlilegt að væri þá tímarefsing.
- Ábending kom að setja í reglur heimild fyrir að ökutæki í ákveðnum flokki þyrftu ekki að aka allar leiðir í keppni, t.d. eindrif 1000. Virtist tillagan almennt njóta stuðnings.
- Þá komu ábendingar um fleiri hluti, s.s. hvort skilda ætti að vera með neyðarhamar og beltaskera, hvort hægt væri að framlengja gildistíma stóla og hvort ekki væri rétt að öflugustu ökutækin (t.d. R5, WRC, Rally2) væru í sér flokki.

## 3. Tímatökubúnaður

Fundarmenn fögnuðu því að sjálfvirkur tímatökubúnaður væri mögulega að verða að veruleika. Bent var á að prófa þyrfti búnaðinn vel til að sannreyna virkni, t.d. væri hægt að gera það í sprettrally.

## 4. Akstursíþróttafólk ársins – tilnefningar

Fram komu nokkrar ábendingar um bæði konur og karla sem keppnisráðið mun skoða.

## 5. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir

Fundi slitið kl. 21.20